SVÍPJÓÐ Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, gagnrýnir hardlega hugmyndir um lækkun lægstu launa sem komið hafa úr ýmsum áttum undanfarnar vikur, meðal annars frá bandalagi hægri manna og samtökum atvinnulífsins í Svíþjóð. Markmiðið með tillögnum er að auðvelda þeim sem eru með litla skólagöngu og þeim sem eru nýfluttir til Svíþjóðar að fá vinnu.

Löfven segir þetta ekki réttu leiðina fyrir Svíþjóð. Hann kveðst vilja að allir sem geta eigi að vera í vinnu en þeir verði að geta lifað af launum sínum. Hann segir mörg lönd glíma við vanda vegna lágra launa, til dæmis Bretland. Þar sé fólk á svo lágum launum að það þurfi að vera á bótum. – **ibs**

SKOÐUN

Fíknin fóðruð
en skaðinn
minnkaðurÓli Kristján
Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Níutíu prósent lungnakrabbameina má rekja til reykinga að því er fram kemur á vef Krabbameinsfélagsins. Þar má líka sjá að ár hvert greinast hér um 165 manns með lungnakrabbu um leið og 135 lást úr sjúkdómum. Miðað við þá tölfræði dregur lungnakrabbí til dauða fjóra af hverjum fimm sem af honum veikjast.

Það er því til mikils að vinna í baráttunni við reykingar, enda mikil áhersla lögð á þann slag síðustu ár og áratugi og með miklum árangri. Árið 2000 stundaði til dæmis rúmur fimmtungur Íslendinga daglegar reykingar, en sú tala var komin niður í rúm ellefu prósent 2013, samkvæmt Talnabrunni Landlæknisembættisins.

Mögulega hefur þar hins vegar einhvers konar botni verið náð því talan var enn í rúmum ellefu prósentum á síðasta ári, hafði hnikast til um 0,1 prósentustig á tveimur árum. Slagurinn er því langt frá því unninn.

Því kemur á óvart andstaða við hluti sem komið geta í staðinn fyrir reykþóbak. Segja má að þar sé undir allt tóbak annað, bæði munn- og neftóbak, auk rafsigarettanna þar sem fólk andar að sér nikótínmengaðri vatnsgufu í stað tóbaksreyks.

Þó svo að áhrif rafsigarettanna séu ekki rannsökuð að fullu og að tóbaksnotkun um munn og nef fylgi aukin áhætta á krabbameinum í munni og munnholi þá má líklega fullyrða að hættan af þessari neyslu sé mun minni en af reykingunum. Og er þá ótalinn sá ávinningur sem fæst með því að losna við óbeinar reykingar og reykjarstybbu sem sest í allt í nærumhverfi tóbaksreykingafólksins.

Atli Már Ingvarsson, stórreykingamaður til áratuga, var tekinn tali í kvöldfréttum Stöðvar 2 á sunnudag. Eftir að hafa skipt yfir í rafrettur fyrir um ári síðan segist hann laus við astma að mestu og kominn aftur með bæði bragð- og lyktarskyn. Sigarettarnar heyri sögunni til.

Guðmundur Karl Snæbjörnsson læknir er líka einn þeirra sem bent hafa á hvernig rafsigarettarnar geta nýst þeim sem losna vilja undan áþján reykþóbaksins og hefur birt um það greinar í Fréttablaðinu. Hann var líka tekinn tali á Stöð 2 og sagðist þar telja að heilbrigðisfyrirvöld ættu að hafa skýra stefnu um að bjóða fólki upp á þann valkost að nota rafsigarettur.

Fram kom að rannsóknir hafi sýnt að um þriðjungur reykingamanna sem byrja að nota rafsigarettur hætti tóbaksreykingum innan sex mánaða.

Vandsæð er að mikill munur sé á notkun rafsigarettna, eða jafnvel munntóbaks, til að slá á nikótínfíkn og á því að nota nikótínbyggjó. Á meðan að dregið er úr skaðanum sem reykþóbak veldur þá gerir kannski minna til þó að fíkninni sé viðhaldið.

Halldór



Frá degi til dags

Úrelt kjördæmavika

Síðasta vika þingmanna var svokölluð kjördæmavika. Þá fara þingmenn kjördæmanna úr Alþingishúsinu í Reykjavík og hitta kjósendur sína í kjördæmum sínum, hvar svo sem þau eru á landinu. Þá gefst kjósendum tækifæri til að hitta þingmenn sína á förnun vegi og ræða við þá um landsins gagn og nauðsynjar. Undirritaður hefur enn ekki hitt þann kjósenda sem hitti þingmenn sína til skrafs og ráðagerða í þessari kjördæmaviku. Líkast til er þessi kjördæmavika úrelt fyrirbæri. Hægt er með auðveldum hætti að nýta sér nútímatækni til að eiga orðastað við þingmenn án kjördæmaviku.

Utanríkisráðherra fær hrós
Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra átti fund með Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, í gær. Ítrekaði Gunnar Bragi mikilvægi þess að viðræður yrðu hafnar að nýju milli Ísraels og Palestínu með tveggja ríkja lausn og að leiðarljósi. Fordæmði ráðherra ofbeldi og mannfall óbreyttra borgara á báða vegu. Gunnar Bragi á hrós skilið fyrir að nýta það tækifæri og minnast á afar erftitt mál við foringja Ísraelsstjórnar. Vissulega er það svo að sjaldan veldur einn þá tveir deila, en það er mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld nýti hvert tækifæri til að minnast á það að mannréttindi allra séu hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu. sveinn@frettabladid.is

Bleiki skatturinn

Guðmundur
Edgarsson
málmennta-
fræðingur

Fyrir skömmu birtist í Fréttablaðinu grein um hinn svokallaða bleika skatt. Ein tegund slíks skatts er þegar sambærileg vara er seld á hærra verði til kvenna en karla. Neft var sem dæmi í greininni að flaska af tilteknu dömuilmvatni kostaði umtalsvert meira en sambærileg flasku af herrailmi.

Hví eiga viðskipti sér stað?

Áður en við reynum að skýra hvað gæti valdið þessum verðmun á dömuilmvatninu og herrailminum er rétt að áréttu hvað hvetur fólk til viðskipta yfirhöfuð. Skýra má þann hvata í eftirfarandi reglu:

Tveir einstaklingar, A og B, eiga þá og því aðeins viðskipti að báðir telja sig hagnast.

Tökum dæmi af bílaviðskiptum. A kaupir bíl af B fyrir milljón krónur því fyrir A er billinn a.m.k. eilítið verðmætari en það. Ef hann teldi að billinn væri nákvæmlega milljón króna virði væri enginn tilgangur með viðskiptunum og enn síður ef hann mæti bilinn ódýrari. Á sama hátt sæi B sér engan hag í að selja bilinn sinn fyrir krónu minna en milljón enda lagði hann upp með að hafa ábata af viðskiptunum.

Eftirspurnin meiri hjá konum?

Rökræðunnar vegna skulum við gera ráð fyrir að dömuilmvatnið og herrailmurinn séu fullkomlega sambærilegar vörur hvað gæði og kostnað varðar. Hvað getur þá skýrt verðmuninn? Jú, reglan að ofan. Ekki er ólíklegt að konur meti nefnilega dömuilmvatnið meira virði fyrir sig en karlar herrailminn. Eftirspurn kvenna eftir ilmefni er því hugsanlega meiri en hjá körlum sem endurspeglast svo í hærra verði.

Hvað er þá til ráða?

Tvennt er til ráða til að lækka verð á dömuilmvatni. Annars vegar að konur slaki á löngun sinni í ilmvatnið og dragi þannig úr eftirspurn. Hitt er að auka viðskiptafrelsi. Þá þarf að draga rækilega úr opinberum álögum og reglugerðarvæðingu svo að auðveldra verði fyrir nýja aðila að koma inn á ilmvatnsmarkaðinn. Þá eykst samkeppni og verð lækkar. Femínistar gerðu því margt vitlausara en að berjast gegn fórnarlambsnálgun og miðstýringaráráttu félagshyggju-fólks og horfa til markaðslausna og frelsis í stað siaukinna pólitískra afskipta með tilheyrandi boðum og bönnum.

2. júní í 11 nætur

Frábærir flugtímar

Frá kr. 79.900

SÉRTILBOÐ

ALMERÍA

Arena Center

Netv. á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherb. Kr. 99.900 á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með einu svefnherb. Sértilboð 2. júní í 11 nætur.

Heimsferðir

Strengjabrúða Landsvirkjunar?



Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri Landverndar

Umhverfisráðuneytið fer að kröfum Landsvirkjunar í nýjum drögum að breytingum á starfsreglum verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Verkefnisstjórnin hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart stjórnvöldum um hvar má virkja og hvar ekki. Verði drögin að veruleika, hefur Landsvirkjun í raun mótað leikreglur verkefnisstjórnar í úrvinnslu mála sem varða beina fjárhagslega

hagsmuni fyrirtækisins; fleiri virkjanir. Spilling af þessu tagi má ekki viðgangast.

Faglegt sjálfstæði afnumið

Breytingarnar varða m.a. svæði sem nú þegar eru í verndarflokki rammaáætlunar og Alþingi hefur ákveðið að friðlýsa. Nóg yrði fyrir orkufyrirtæki að breyta virkjana-hugmynd á svæði í verndarflokki litilsháttar og verkefnisstjórnin yrði að endurmeta hana. Þetta reyndi Landsvirkjun einmitt með Norðlingaölduveitu fyrir skemmstu, en verkefnisstjórnin hafnaði endurmati eftir faglega umfjöllun. Faglegt sjálfstæði verkefnisstjórnar yrði afnumið með breytingunum og opnað á endurupptöku virkjanahugmynda á svæðum sem búið er að ákveða að friða gegn orkunýtingu.

Farið að kröfum Landsvirkjunar Í krafti upplýsingalaga um umhverfismál fékk Landvernd aðgang að öllum gögnum þessa máls. Eini aðilinn sem óskaði eftir breytingum á starfsreglunum var Landsvirkjun sem lagði fram skriflegar kröfur sínar á fundi í umhverfisráðuneytinu í ágúst. Eftir bréfaskipti Landsvirkjunar og ráðuneytisins í lok árs sendi ráðuneytið verkefnisstjórninni og atvinnuvegaráðuneytinu fyrstu drög breyttra starfsreglna til umsagnar. Var þar komið til móts við kröfur Landsvirkjunar að nokkru. Eftir athugasemdir frá atvinnuvegaráðuneytinu, sem leitaði álits Orkustofnunar og Landsvirkjunar, breyttust drögin og eru nú í grundvallaratriðum í samræmi við upphaflegar kröfur Landsvirkjunar. Lokadrög voru ekki kynnt verkefnisstjórn áður en þau fóru til

umsagnar almennings. Umhverfisráðherra sagði í útvarpsfréttum á sunnudag að hvorki hún né ráðuneytið hefðu haft „sérstakt samband“ við Landsvirkjun. Af gögnum sést þó að samskipti voru í formi fundar og síðan bréfaskipta á báða bóga. Eftir stendur að farið er að kröfum Landsvirkjunar.

Málsmeðferð stenst ekki lög

Málsmeðferðin stenst tæpast siðferðileg og sanngjörn viðmið í lýðræðisþjóðfélagi. Hún er heldur ekki í samræmi við lögin um rammaáætlun, en samkvæmt þeim ber að setja starfsreglurnar að fengnum tillögum verkefnisstjórnarinnar sjálfrar, ekki að tillögum Landsvirkjunar eða Orkustofnunar.

Friðurinn er í höndum ráðherra

Umhverfisráðherra hefur lýst því



Verði drögin að veruleika, hefur Landsvirkjun í raun mótað leikreglur verkefnisstjórnar í úrvinnslu mála sem varða beina fjárhagslega hagsmuni fyrirtækisins.

yfir að hún vilji standa vörð um rammaáætlun. Kæra Sigrún, hér er tækifærið: Stattu við stóru orðin og staðfestu ekki þessar reglur frá Landsvirkjun, ellegar brýtur þú málsmeðferð laganna, jarðsetur rammaáætlun, þinn eigin trúverðugleika og skapar ófrið um störf verkefnisstjórnar. Friðurinn er í þínum höndum.

Nú fauk í mig



Sigríður Einarsdóttir annar skólastjóri Myndlistarskóla Kópavogs

Sem fyrrverandi formaður náttúruverndarnefndar Kópavogs og bæjarfulltrúi hér fyrr á árum, þó langt sé um liðið, þá fauk í mig, þegar ég las ummæli Guðrúnar Snorraddóttur í Fréttablaðinu mánudaginn 1. febrúar 2016, varðandi hjólreiðastíga í Kópavogi. Hún segir orðrétt: Það eru engir hjólreiðastígar í Kópavogi, segir Guðrún. Hjólreiðafólk þarf að fara út úr Kópavogi til að fara í hjólreiðaferðir.

Á þeim tíma, líklega um 1990, þá var Kópavogur fremstur í flokki sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í að leggja hjólreiðabrautir í Kópavogi. Það var áður en nokkur skipulagning var komin á kortið í Kópavogsdalnum, þá var búið að skipuleggja hjólreiðastíga í gegnum dalinn. Þá voru einnig lagðir göngu- og hjólreiðastígar meðfram allri ströndinni.

Það var pólitísk ákvörðun nefndanna að leggja ekki hjólreiðastíga meðfram hraðbrautum eða akstursleiðum, heldur leggja hjólreiðastígana í gegnum dalina eins og Fossvogsdalinn og Kópavogsdalinn og meðfram ströndinni og tengjast göngubrúnni yfir Fossvogsdalinn. Út frá Fossvogsdalnum tengjumst við Elliðaárdalnum. Þá eru hjólreiðastígar alla leið upp í Vatnsenda. Það er varla hægt að finna jafn skemmtileg útivistarsvæði eins og Kópavogur býður upp á, en þú verður að þekkja Kópavog til að finna möguleikana sem við höfum til útivistar. Ég hef notið þess í gegn um tíðina að hjóla eftir þessum stígum og t.d. meðfram ströndinni alla leið út á Ægisíðu í Reykjavík.



Það var pólitísk ákvörðun nefndanna að leggja ekki hjólreiðastíga meðfram hraðbrautum eða akstursleiðum, heldur leggja hjólreiðastígana í gegnum dalina

Verið ekki hugsjúk um neitt heldur gerið í öllum hlutum óskir ykkar kunnar Guði...

www.versdagsins.is



Nýr kjarasamningur ASÍ og SA á almennum vinnumarkaði

Rafræn atkvæðagreiðsla er hafin

Hafin er sameiginleg atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands við Samtök atvinnulífsins frá 21. janúar 2016 fyrir störf á almennum vinnumarkaði. Samningurinn flýtir launabreytingum og hækkar þær, hækkar framlög atvinnurekenda til lífeyrissjóða og eykur lífeyrisréttindi.

Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn í öllum aðildarfélögum ASÍ sem vinna eftir almennum kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ og SA.

Kjörgögn, þ.m.t. lykilorð og kynningarefni, hafa verið send út samkvæmt kjörskrá sem miðast við iðgjöld greidd vegna október 2015. Þau sem iðgjöld hafa greitt eftir það eða telja sig eiga atkvæðisrétt en hafa ekki fengið send kjörgögn, geta snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélags með viðeigandi gögn, t.d. launa-seðil, kært sig inn á kjörskrá og greitt atkvæði.

Atkvæðagreiðslan er rafræn. Til þess að greiða atkvæði er farið inn á heimasíður stéttarfélaganna eða heimasíðu ASÍ, www.asi.is og smellt á „Atkvæðagreiðsla um kjarasamning 2016.“ Hafi félagsmaður ekki aðgang að nettengdri tölvu er hægt að koma á skrifstofur stéttarfélaganna, landssambandanna eða ASÍ og fá þar aðgang að tölvu til þess að greiða atkvæði.

Atkvæðagreiðslunni lýkur kl. 12 á hádegisdegnum 24. febrúar 2016.

Kjörstjórn hvetur alla félagsmenn ASÍ sem atkvæðisrétt eiga til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Reykjavík, 16. febrúar 2016

Kjörstjórn aðildarsamtaka ASÍ

Blekkjandi umfjöllun um sykurneyslu




Ragnheiður Héðinsdóttir
forstöðumaður
matvælasviðs
Samtaka iðnaðarins



Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur
Samtaka iðnaðarins

Fæðuframboð á Íslandi 1956–2014

kíló af sykri á hvern íbúa



Heimild: Landlæknisembættið

Fjallað er um sykurneyslu Íslendinga í Fréttablaðinu 6. febrúar síðastliðinn. Þar er ýmsu haldið fram sem lítill fótur er fyrir. Í upphafi greinarinnar kemur fram að þjóðin þyngist og þyngist og að sykursýki hafi tvöfaldað á 50 árum en verið nokkurn veginn óþekkt fyrir 50 árum síðan. Ómögulegt er að halda því fram að þessi þróun sé sykurneyslu einni um að kenna og er umfjöllunin blekkjandi. Staðreyndin er sú að sykurneysla hefur dregist saman jafnt og þétt á síðari árum. Á árunum 1956-1960 var sykurneysla á mann 52,3 kg á en tæp 42 kg á ári árið 2014 samkvæmt fæðuframboðstölum Landlæknis-

embættisins. Sykurneysla hefur því ótvírætt dregist saman.

Samkvæmt sömu gögnum Landlæknis hefur neysla á sælgæti heldur dregist saman á síðustu 10 árum eftir að hafa aukist mikið eftir að innflutningur á sælgæti var gefinn frjáls eftir 1980. Sama má segja um heildarneyslu á gosdrykkjum sem hefur dregist lítillega saman á síðustu 15 árum en þess ber einnig að geta að inni í þeim tölum eru, auk sykraðra gosdrykkja, allir ósykraðir

gos- og vatnsdrykkir.

Í umræddri grein er því haldið fram að gosdrykkjum megi kenna um helming af neyslu viðbætts sykurs í landinu. Þessi fullyrðing stenst ekki. Sykraðir gosdrykkir eru nú aðeins um 55% af heildarneyslunni eða rúmir 70 lítrar á mann en ósykraðir drykkir 45% eða sem svarar tæpum 60 lítrum á mann. Heildarneysla kolsýrðra drykkja er um 130 lítrar á mann á ári. Sykurhlutfall í sykrudum gos-



Markmiðið með þessum skrifum er engan veginn að mæla með óhófi af nokkru tagi heldur miklu fremur að benda á að þróunin er í rétta átt og því ber að fagna.

gert fremur en ala á æsifröttum um hið neikvæða. Í því samhengi má benda á að framboð gosdrykkja í litlum einingum hefur aukist mikið og að gríðarleg aukning hefur orðið á vatnsneyslu.

Markmiðið með þessum skrifum er engan veginn að mæla með óhófi af nokkru tagi heldur miklu fremur að benda á að þróunin er í rétta átt og því ber að fagna. Hin gullna regla næringarfræðinnar er í fullu gildi hér eftir sem hingað til, þ.e.a.s. að fjölbreytni í fæðuvali og hófsöm neysla er mun líklegri til árangurs en illa grundaðar fullyrðingar um skaðsemi einstakra fæðutegunda.

NÝTT OG BETRA APP



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum



FRÉTTABLAÐIÐ

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T I



„Kristin arfleifð íslenskrar menningar“ og mannréttindin



Páll Valur Björnsson
varapingflokksformaður og þingmaður Bjartrar framtíðar

Vissuð þið að í íslensku grunnskólalögunum er ekki minnst einu orði á mannréttindi?

Í annarri grein laganna þar sem fjallað er um markmið þeirra segir:

„Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menn-

ingar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.“

Ekki orð um mannréttindi! Finnst ykkur það eðlilegt?

Mér finnst það alls ekki. Þess vegna hef ég lagt fram frumvarp um að „mannréttindum“ verði bætt í markmiðsgrein grunnskólaganna.

Og hvers vegna finnst mér nauðsynlegt að það verði gert?

Vegna þess að á Íslandi er verið að brjóta alvarlega gegn mannréttindum og ekki síst mannréttindum barna með margvíslegum hætti alla daga ársins.

Meira en 6.000 íslensk börn liða efnislegan skort og þeim hefur fjölgað mikið frá árinu 2009. Ný skýrsla Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, sýnir þetta svart á hvítu. Í okkar auðuga landi eru mörg þúsund börn sem fara ekki aðeins á mis við tækifærin sem félagar þeirra fá og finnst sjálfsgöð til að stunda félagslíf og íþróttir og læra á hljóðfæri og fara í ferðalög, þroskast og njóta lífsins, heldur börn sem vegna fátæktar fá ekki viðunandi næringu, búa í vondu og óöruggu húsnæði og klæðast lélegum fötum.

Margoft hefur verið bent á óþolandi langa biðlista hjá börnum sem þurfa greiningar og víðeigandi stuðning vegna ýmiss konar skerðinga. Gleymum því aldrei að þetta eru börn af holdi og blóði með tilfinningar, væntingar og metnað og löngun til að verða hamingjusamt fólk. Ef þau fá ekki víðeigandi stuðning og þau tækifæri sem hann skapar munu þær vonir margra þeirra alls ekki rætast. Mörg þeirra munu ekki ná að fóta sig í námi, verða afskipt og einangruð félagslega og óhamingjusöm.

Og það eru ekki bara íslensk börn sem ekki fá að njóta mannréttinda hér á landi. Það mátti glöggst heyra á málþingi um flóttabörn sem UNICEF og lögfræðisvið Háskólans á Bifröst héldu fyrr í þessum mánuði.



Og það eru ekki bara íslensk börn sem ekki fá að njóta mannréttinda hér á landi. Það mátti glöggst heyra á málþingi um flóttabörn.

Íslensk stjórnvöld standa sig ekki Þar kom fram að íslensk stjórnvöld standa sig alls ekki gagnvart börnum sem leita hælis hér á landi. Þau njóta ekki sérstakrar verndar og stuðningur við þau er stopull, ef hann er þá einhver yfirleitt. Þeim er ekki trúð og ekki við þau talað og aðgengi þeirra að menntun og annarri grunnþjónustu er oft mjög ábótavant.

Ég hef, ásamt fleiri þingmönnum, lagt fram þingsályktunartillögu um að dagurinn sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur, þ.e. 20. nóvember ár hvert, verði helgaður fræðslu um mannréttindi barna í skólum landsins.

Ég geri þessa tillögu og legg fram þetta frumvarp um að „mannréttindum“ verði bætt í markmiðsgrein grunnskólaganna til að börn og ungmenni fái örugglega fræðslu um mannréttindi, virðingu fyrir mannlegri reisn allra, skylduna til að styðja þá sem standa höllum fæti og tryggja jöfn tækifæri fólks. Ástandið í íslensku samfélagi og áherslur íslenskra stjórnsvalda sýna svo ekki verður um villst að það er bráðnauðsynlegt að auka þessa fræðslu svo að ráðamenn fái það aðhald og þau skilaboð frá almenningsi sem þeir þurfa svo nauðsynlega á að halda. Ég trúi því og treysti að börnin okkar sem munu erfa þetta land muni standa sig miklu betur við það en við sem eldri erum.



JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

534 1020

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

TIL SÖLU

Stórhöfði 21, 110 Reykjavík
Skrifstofuhúsnæði
Stærð samtals um 625,5 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:



Helgi Már Karlsson
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali

534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is



LEIGUTEKJUR - 625,5 fm skrifstofuhúsnæðið á tveimur hæðum sem skiptist í móttöku, opin vinnurými, fundarherbergi, lokaðar skrifstofur, eldhús/kaffistofu, geymslur og snyrtingar. Næg bílastæði. Í gildi eru 2 leigusamningar á sitthvoru rýminu.

GoRed



Valgerður Hermannsdóttir
hjúkrunarfræðingur,
lýðheilsufræðingur og
varaformaður Hjartaheilla

Hvað er það eiginlega,“ spurðu samstarfskonur mínar þegar ég sagði þeim að ég væri hluti af vinnuhópi sem væri að undirbúa GoRed-daginn. Þessar ágætu konur, sem hafa alla jafna svör við öllu sem ég spyr þær um, hvort sem það snýr að umönnun sjúklingahóps okkar, matargerð, þrónaskap eða heimsmaalunum, stóðu á gati.

GoRed eru alheimssamtök sem hrint var af stað árið 2004 af Alþjóðahjartasambandinu. Hlutverk þeirra er að vinna að upplýsingasöfnun, rannsóknun og fræðslu um hjartasjúkdóma kvenna og forvarnir gegn þeim. Hér á landi er það Hjartavernd sem er heimili þessara samtaka, en auk þess standa Hjartaheill og Heilaheill að samtökunum og Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, er verndari átakins. Frá árinu 2009 hefur GoRed-dagur verið haldinn árlega á Íslandi. Og nú hvetjum við alla til að fylgjast með viðburðum hjá GoRed í febrúar.

GoRed for Women var stofnað til að vekja fólk til vitundar um hjartasjúkdóma kvenna. Fram undir miðja tuttugustu öld var það svo til óþekkt að konur fengju hjartasjúkdóma en eftir árið 1950 fór að bera á sjúkdómnum hjá konum og jókst tíðni hans nokkuð hratt. Fram að því hafði einkennt sjúkdómssögu hjarta- og æðasjúkdóma að það voru karlmenn sem veiktu og því var þetta talinn karlasjúkdómur. Í beinu framhaldi af því var öll umræða um hjartveika menn og rannsóknir voru gerðar á hópi karlmanna.

Ólík einkennum karla

Sjúkdómseinkenni kvenna með hjartasjúkdóma



Forðumst streitu en kynnum okkur þá áhættu sem við búum við með tilliti til sjúkdóma og vinnum í því á allan mögulegan hátt að lifa lífinu þannig að það auki lífsgæði okkar.

eru oft ólík einkennum karla sem veldur því oft að konur koma seinna til læknis eða í meðferð. Samtökin vinna nú að rannsóknum þar sem meðal annars er lögð áhersla á að konur séu í rannsóknarhópi.

Það er einnig staðreynd að hjartasjúkdómar koma yfirleitt seinna fram hjá konum og er það að einhverju leyti vegna þess að á barneignartíma er það hormónastarfsemi hjá konum sem seinkar æðakölkun og á það einnig við í kransæðum. Líkami þeirra gengur þá í gegnum aldursbreytingar og við tíðahvörf minnka áhrif estrogenhormóns, sem meðal annars hefur gegnt því hlutverki að hafa mýkjandi áhrif á æðaveggi. Aðrar breytingar eins og hækkan blóðþrýstings, hækkan kólesteróls og hækkan þríglyseríða í blóði fylgja svo í kjölfarið.

Konur lýsa einkennum oft á annan hátt en karlmenn. „Lýsing á verkjum sem einkennandi eru fyrir hjarta- og æðasjúkdóma og koma fram jafnt hjá konum sem körlum: Þyngsli eða verkur fyrir brjósti eða fyrir neðan bringubein, óþægindi eða verkur milli herðablaða, í hálsi, kjálka eða maga. Verkur sem kemur við áreynslu og hverfur við hvíld og getur verið fyrirboði kransæðastíflu. Stöðugur verkur fyrir brjósti e.t.v. með ógleði og kaldsvita sem getur verið einkenni um bráðakransæðastíflu og krefst tafarlausrar meðferðar. Yfirlið eða meðvitundarleysi.“[i] En konur lýsa stundum einkennum sem tengjast kransæðastíflu þannig

að þær upplifa óútskýrðan slappleika eða þreytu, óeðlilegt kvíðakast eða verða taugaóstyrkar.

Ein helsta dánarorsök kvenna

Það er staðreynd að í dag eru hjarta- og æðasjúkdómar ein helsta dánarorsök kvenna og að með forvörnum má minnka líkurnar verulega. Eftir áralangar rannsóknir á áhættuþáttum hjartasjúkdóma hjá konum vitum við að:

Reykingar auka líkur á hjartasjúkdómum. Áhættan er því minni ef þú reykir ekki. Hreyfing er mikilvæg. Hálf tími á hverjum degi gerir gáfumuninn og þá er einnig gott að finna sér þá hreyfingu sem manni finnst skemmtilegust til að auka líkurnar á að hún verði hluti af daglegri rútínu. Leggja þarf áherslu á hollt mataræði og fylgjast með ræðleggingum þar um til að halda kjörþyngd eða sem næst því. Gott getur verið fá aðstoð fagfólks við að hafa stjórn á mataræði en þyngdaraukning og fitusöfnun eru þættir sem nauðsynlegt er að fylgjast með. Þá er rétt að láta fylgjast reglubundið með heilsufari með því að mæla blóðþrýsting, kólesteról og blóðsykur. Þeir sem eru með ættarsögu um hjarta- og æðasjúkdóma eru í aukinni áhættu og ættu því að leggja enn ríkari áherslu á ofanefnd atriði.

Þá er gott að leita sér aðstoðar ef þú finnur fyrir þunglyndi en eftir tíðahvörf finna fleiri konur fyrir þunglyndi. Rannsóknir benda til að það auki áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum.

Forðumst streitu en kynnum okkur þá áhættu sem við búum við með tilliti til sjúkdóma og vinnum í því á allan mögulegan hátt að lifa lífinu þannig að það auki lífsgæði okkar. Lífið er yndislegt. Verum jákvæð og verndum okkur sjálf með því að stuðla að heilbrigðum lífsvenjum okkar og þeirra sem okkur er annst um.

GoRed verður með viðburði næstu vikur til að kynna hjarta- og æðasjúkdóma hjá konum og hvetjum við alla til að fylgjast með þeim og hlusta á okkar fólk.

[i]Tekið af upplýsingasiðu GoRed á Íslandi: <http://www.hjarta.is/upplýsingatorg/gored-fyrir-konur>. Sótt 09.02.2016.

Líf og dauði við Aðalstræti



Helgi Þorláksson
prófessor
emeritus

Fógetagarðurinn við Aðalstræti, sem sumir nefna Víkurgarð, er einn fegursti og sögulegasti staður í miðbæ Reykjavíkur, fagur ekki síst fyrir stæðileg tré og sögulegur vegna þess að þarna stóð Víkurkirkja og kirkjugarður og enn sjást ummerki þess. Hinn 9. febrúar sl. mátti lesa í dagblaði að þessi skjólgóði garður yrði brátt „aðalútisvæði“ fyrir 160 herbergja hótél sem rísa skal á Landsímareit. Aðkoma að hótélinu skal vera um Fógetagarðinn. Gestir hótelsins munu draga farangur sinn um garðinn og þar munu fara um aðrir þeir sem eiga erindi inn á hótelið. Þetta mun trufla og takmarka allt annað athafnalíf í garðinum, og sjálf-sagt koma í veg fyrir margt, eins og t.d. markað sem hefur verið haldinn þarna á laugardögum á sumrin. Í dagblaðinu fyrrnefnda sagði forsvarsmður að hótelið myndi „skapa líf“. Ekki í Fógetagarðinum, það mun drepa það sem fyrir er.

Nú þegar er umferð hópferðabíla mikil um Aðalstræti og átök um að komast að til að hleypta út eða inn gestum hótela en þau eru á hverju strái. Keyrir alveg um þverbak þegar hið nýja hótél bætist við og líka fyrirhugað hótél í Herkastalanum. Yfirvöld munu e.t.v. banna umferð hópferðabíla um götuna og ætla gestum lengri og meiri burð farangurs. En það breytir litlu fyrir Fógetagarðinn.

Hvernig dettur forsvarsmönnum borgarinnar í hug að afhenda einkafyrirtæki þennan mikilvæga og sögulega garð, sameign okkar allra, sem „aðalútisvæði“ risahótels? Það er óverjandi.



Ábyrgð fylgir!

Allt að 7 ára
ábyrgð fylgir
notuðum Kia**



Afborgun aðeins:
43.777 kr./mán.*



Kia Sportage EX 4WD

Árg. 2012, ekinn 94 þús. km,
dísil, 136 hö., sjálfskiptur,
fjórhládrifinn.

3.890.000 kr.



Kia Sportage EX 4WD

Árg. 2015, ekinn 33 þús. km,
dísil, 136 hö., sjálfskiptur,
fjórhládrifinn.

5.490.000 kr.

61.777 kr. á mánuði*



Kia Sorento EX Luxury

Árg. 2014, ekinn 43 þús. km,
dísil, 197 hö., sjálfskiptur,
fjórhládrifinn.

6.290.000 kr.

70.777 kr. á mánuði*



Kia Ceed World Cup Edition

Árg. 2015, ekinn 29 þús. km, dísil
128 hö., sjálfskiptur, framhládrifinn.

3.990.000 kr.

44.777 kr. á mánuði*



Kia Carens EX

Árg. 2014, ekinn 12 þús. km,
dísil, 136 hö., benskiptur,
framhládrifinn.

4.290.000 kr.

48.777 kr. á mánuði*

*Mánaðargreiðsla m.v. 60% bílalán í 72 mánuði. Vextir 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 11%.

**Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.



NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartími:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16



Helgi Már með bikarinn góða í íþróttahúsi KR við Frostaskjól, DHL-höllinni, í gær. Hann ætlar að vinna fleiri titla áður en hann hættir í vor. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Skuldaði sjálfum mér að vinna

Helgi Már Magnússon varð um helgina bikarmeistari í körfubolta eftir langa bið. Hann var maður leiksins hjá KR og bætti þar með fyrir tapið grátlega gegn Stjörnunni í fyrra. Helgi Már leggur skóna á hilluna í vor.

KÖRFUBOLTI Helgi Már Magnússon var maður dagsins þegar KR varð bikarmeistari í körfubolta á laugar-daginn. Um það voru allir liðsfélagar hans sammála og sigurinn var fyrst og fremst tileinkaður honum.

Það er margt sem kom til. Helga Má hafði aldrei tekist að vinna bikarinn og þetta var síðasta tækifærið hans til þess, enda hefur hann gefið út að hann muni leggja skóna á hilluna að tímabilinu loknu.

Enn fremur fékk Helgi Már gullið tækifæri til að tryggja KR bikartitilinn í úrslitaleiknum gegn Stjörnunni í fyrra. KR var tveimur stigum undir en fékk síðustu sókn leiksins. Í henni fékk Helgi Már boltann tvívegis utan þriggja stiga línunnar en í bæði skiptin geigaði skot hans.

Árið 2009 var Helgi Már einnig í

liði KR sem tapaði frægum bikarúrslitaleik gegn Stjörnunni, sem lék þá undir stjórn Teits Örlygssonar.

„Í bæði skiptin fórum við inn í leikinn sem betra liðið á pappírnum. Það var gríðarlega svekkjandi að tapa þeim leikjum en sérstaklega í fyrra, þar sem mér fannst ég bregðast liði mínu á ögurstundu,“ útskýrir Helgi Már.

„Það var ekki bara út af skotunum undir lok leiksins. Ég átti slæman dag. Ég tapaði boltanum klaufalega og gaf Stjörnunni auðveldar körfur,“ segir hann enn fremur. En hann svaraði því með frábærri frammistöðu í úrslitaleiknum gegn Þór Þorlákshöfn um helgina. Hann var stigahæstur leikmanna KR með 26 stig og tók þar að auki sex fráköst. Enn fremur tapaði hann boltanum aldrei í leiknum.

Hann fer þó ekki svo langt að segja að tapið í fyrra hafi setið í honum allt árið en viðurkennir þó að hann var farið að lengja eftir bikartitli. „Það er eitthvað sérstakt við þennan dag og mig langaði svo ofboðslega mikið til að vinna þennan titil. Mér fannst að ég skuldaði bæði sjálfum mér og félaginu að vinna hann. Það tókst sem betur fer, loksins.“

Sáttur við að hætta í vor

Fyrir í vetur greindi Helgi Már frá því í viðtali við karfan.is að þetta tímabili væri hans síðasta, þrátt fyrir að hann sé aðeins 33 ára. Ástæðan er sú að Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, eiginkona hans, hefur hafið störf hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington í Bandaríkjunum.

„Þessi staða var auglýst í sumar og Gunna ræddi strax við mig um þetta og vildi sækja um. Mér leist strax vel á það þó svo að ég vissi að það myndi fela í sér að ég þyrfti að hætta í körfubolta. En þetta var of gott tækifæri til að sleppa því,“ segir Helgi Már en tímabilið var svo nýhafið þegar Guðrún Sóley fékk starfið.

„Ákvörðunin hefur setið vel í mér. Það er auðvitað leiðinlegt að hætta, sérstaklega þar sem að mér finnst að ég eigi eitthvað eftir á tankinum og geti gert gagn á vellinum. En það er ágætt að hætta á góðum nótum og vonandi enn betra ef okkur tekst að vinna titilinn í vor,“ segir Helgi og bætir við að hann sé spenntur fyrir því að flytja til Bandaríkjanna.

„Fyrst og fremst verður gott að fá meiri tíma fyrir fjölskylduna. Hér heima taka æfingar við eftir fullan vinnudag og þá er afskaplega lítill tími eftir fyrir börnin. Maður rétt svo nær að kyssa þau góða nótt.“

Allir á sömu blaðsíðu í KR

KR er á toppi Domino's-deildar karla og dylst engum að liðið er skipað gríðarlega sterkum einstaklingum. Helgi Már segir þó að liðsheildin hjá KR sé einna sterkasti þáttur liðsins og

●● **Það er leiðinlegt að hætta, sérstaklega þar sem mér finnst að ég eigi eitthvað eftir á tankinum.**

Helgi Már Magnússon

að þjálfarinn Finnur Freyr Stefánsson eigi þar stóran þátt í máli.

„Hann fær ekki nógu mikið hrós fyrir það starf sem hann vinnur. Finnur hlustar mikið á okkur leikmenn og er alltaf tilbúinn að heyra okkar vangaveltur um leikinn, hverjar sem þær eru,“ segir Helgi Már sem var sumarið 2012 ráðinn sem spilandi þjálfari KR þegar hann sneri aftur heim eftir nokkurra ára dvöl í Svíþjóð. Það hlutverk átti hins vegar ekki vel við hann og kom Finnur Freyr inn í þjálfarateymið áður en tímabilið var liðið.


„Þetta hentaði mér einfaldlega ekki og ég var hálfgeinn því að þurfa ekki að standa í þessu lengur. Það var of mikið að vera bæði að hugsa um liðið sem þjálfari og vera líka í stóru hlutverki inni á vellinum,“ útskýrir Helgi Már en hrósar um leið þeim miklu frambörum sem KR-ingar hafa tekið síðan þá undir stjórn Finns Freys.

„Það er einfaldlega ótrúlega gaman að spila svona körfubolta þegar þú ert með hóp af leikmönnum sem eru allir á sömu blaðsíðu. Allir vita upp á hárfingur þeir eiga að gera. Engu skoti er þröngvað á menn og í hverri einustu sókn getur maður verið nokkuð viss um að það sé verið að taka besta mögulega skotið,“ segir Helgi Már.

„Við erum á góðum stað í dag en þurfum að nýta þá leiki vel sem eftir eru. Það er til dæmis stór leikur gegn Keflavík á föstudag og væri mjög gaman að vinna hann. Fyrsti leikur eftir bikarúrslit getur verið hættulegur en ég held að við séum nógu sjóaðir til að mæta rétt stilltir inn í hann.“ eirikur@frettabladid.is

MARTIN SAMDI VIÐ VÍKING

Gary Martin samdi í gærkvöldi við Pepsi-deildarlið Víkings til þriggja ára en hann kemur til Fossvogsliðsins frá KR þar sem hann hefur verið frá 2012. Þessi 25 ára gamli enski framherji átti í stormasömu sambandi við Bjarna Guðjónsson á síðustu leiktið og fékk minna að spila en hann vildi, en Martin skoraði 13 mörk í Pepsi-deildinni 2013 og aftur 2014. „Ég vildi koma til Víkings því ég vil hjálpa þessu félagi. Það er auðveldara að vera hjá liðum við toppinn og alltaf með góða leikmenn í kringum sig að berjast um titilinn,“ sagði Gary Martin við Fréttablaðið eftir undirskriftina í gærkvöldi.



🐦 **KR bara í alvöru að fara að selja Gary Martin og það innanlands ?? Hvenær myndi maður sjá FH selja sinn besta mann innanlands?**

Óskar G. Óskarsson
@Oggi_22

16 LIÐA ÚRSLITIN HEFJAST

Meistaradeildin hefst á ný eftir langt og gott vetrarfrí í kvöld þegar tveir fyrstu leikirnir í 16 liða úrslitunum fara fram. Stórleikur er á dagskrá þar sem Frakklandsmeistarar Paris Saint-Germain taka á móti Chelsea í París. Þessi lið mættust á sama stað í keppninni í fyrra og þá komst PSG áfram með fleiri mörkum skoruðum á útivelli eftir rafmagnaða viðureign liðanna í Lundúnum. Zlatan Ibrahimovic fékk rautt spjald snemma í síðari hálfleik og gerði sínum mönnum engan greiða í fyrra. Hann fær nú tækifæri til að bæta upp fyrir það. Liðin eru á mismunandi stöðum í sínum deildum; PSG á toppnum í Frakklandi með 24 stigum forskot á næsta lið en Chelsea í 12. sæti ensku deildarinnar, 20 stigum frá toppliði Leicester. Það er alveg ljóst að PSG verður Frakklandsmeistari og mætir því aftur í Meistaradeildina næsta vetur en eini möguleiki Chelsea á sæti í Meistaradeildinni er að vinna hana í ár. Leikurinn hefst klukkan 19.30, en einnig er á dagskrá viðureign Benfica og Zenit.



IVANOVSKI AFTUR TIL FJÖLNIS

Makedónski miðvörðurinn Daniel Ivanovski er genginn í raðir Fjölnis á ný og mun leika með liðinu í Pepsi-deildinni á næsta tímabili. Þetta eru góðar fréttir fyrir stuðningsmenn Fjölnis en Ivanovski lék afar vel með liðinu á síðasta tímabili. Ivanovski, sem er 32 ára, lék átta deildarleiki með Fjölni í fyrra en liðið vann fimm þeirra og hélt fjórum sinnum hreinu. Hann yfirgaf Grafarvogslíðið svo nokkuð óvænt um miðjan júní.

Í dag

19.30 PSG - Chelsea	Sport
19.30 Benfica - Zenit	Sport 3
21.45 Meistaramörkin	Sport

REKKJAN KYNNIR

ROYAL AVIANA

KYNNINGARVERÐ

Stærð: 153x200 cm.

Með botn: **115.080 kr.**

Án botns: **73.486 kr.**



Vill ekki binda hjálmanotkun í lög
 Bráðalæknirinn Hjalti Már Björnsson mælir með hjálmanotkun við hjólreiðar en er þó alfarið á móti því að binda hjálmaskyldu í lög. **SÍÐA 2**

LÍFSNAUÐSYNLEGAR FITUSÝRUR

Artasan kynnir Norðurkrill er eitt öflugasta form af omega-3 fitusýrum sem völ er á. Það er unnið úr krilli (ljósátu) frá einu hreinasta hafsvæði veraldar, Suðurishafinu. Rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif omega-3 á heilsu og þroska.

„Omega-3 og 6 eru lífsnauðsynlegar fitusýrur. Líkaminn getur ekki framleitt þær sjálfur og þurfum við því að fá þær úr fæðunni. Þessar fitusýrur þurfa að vera í réttum hlutföllum í líkamanum en hver einasta frumuhimna er samansett úr þeim. Við fáum flest yfirdrifið nóg af omega-6 úr matnum og þurfum því frekar að passa upp á að við fáum nægilegt magn af omega-3,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari hjá Artasan. Rannsóknir hafa sýnt að omega-3 dregur úr bólgu-myndun í líkamanum, er gott fyrir æðakerfið, heilann, húðina og ónæmis-kerfið. „Sífelld fleiri rannsóknir leiða í ljós kosti reglulegrar inntöku en við getum m.a. mykt liðina, dregið úr stirðleika, bætt minnið, aukið einbeitingu og haft góð áhrif á kólesterólið. Við fáum omega-3 úr ýmsum matvælum og eru makrill og lax þar efst á blaði. Í jurtaríkinu eru það hörfræ, chiafræ og valhnetur svo fátt eitt sé talið. Fæst okkar ná því þó að fá nægilegt magn úr matnum og þá kemur Norðurkrillið til sögunnar,“ upplýsir Hrönn.

Af hverju Norðurkrill?

Veðar á krilli sem Norðurkrill notar í framleiðslu sína eru vottaðar af World Wildlife Foundation sem vistvænar og sjálfbærar. „Það þýðir að ekki er gengið á auðlindina og jafnframt er um að ræða gríðarlega hreina afurð en ljósátan er neðst í fæðukeðjunni og því ómenguð af þungmálum en slík mengun er sífelld stærra vandamál þegar kemur að fiskafurðum,“ segir Hrönn.

Omega-3 og 6 eru lífsnauðsynlegar fitusýrur. Líkaminn getur ekki framleitt þær sjálfur og þurfum við því að fá þær úr fæðunni.

Hrönn Hjálmarsdóttir



„Fæstir fá nægilegt magn af omega-3 úr matnum. Þá kemur Norðurkrill til sögunnar,“ segir Hrönn.

Minna magn en miklu öflugra

Krill inniheldur fitusýrur sem nefnast fosfólípíð og er að finna í öllum frumuhimnum líkamans. „Það auðveldar frásog og nýtingu líkamans en rannsóknir sýna að það þarf aðeins 1 g af krillolíu á meðan það þarf 4-6 g af öðrum fiskiolíum til að ná sömu áhrifum. EPA- og DHA-fitusýrur eru í mjög ríkum mæli í krillolíunni en það eru þær fitusýrur sem við sækjumst sérstaklega eftir,“ upplýsir Hrönn. Að hennar sögn hefur fjöldi rannsókna sýnt fram á að nægjanlegt magn af þessum fitusýrum í líkamanum hefur jákvæð áhrif á heilsufar okkar og þroska.



Norðurkrillið er eitt öflugasta form af Omega-3 fitusýrum sem völ er á og kemur það frá einu hreinasta hafsvæði veraldar. Það þarf aðeins 1 gr. af krillolíu á meðan að það þarf 4-6 gr. af öðrum fiskiolíum til að ná sömu áhrifum.

Hrönn Hjálmarsdóttir

Astaxanthin öflugur andoxari

Euphausia superba er sú tegund af krilli sem notuð er í framleiðslu Norðurkrills en hún inniheldur náttúrulegt andoxunarefni sem heitir Astaxanthin og er það talið eitt það öflugasta sem völ er á. „Vegna mikillar andoxunar þessa efnis hefur krillolía mikinn stöðugleika og

þránar seint. Norðurkrill geymist í allt að tvö ár við stofuhita.“

Dr. Mercola er merki um gæði

Superba™ er framleiðandi krillolíunnar sem Norðurkrill notar og er það sá sami og Dr. Mercola skiptir við en allar vörur hans eru þekktar fyrir mikil gæði.



Hrönn Hjálmarsdóttir

SMÁRÉTTA HOT PLATE

1.790

1.490

8.- 14.feb

Culiacan

MEXICAN GRILL

Saumurindstrut 4a

www.culiacan.is

NÝTT

FISLÉTTAR

DÚNÚLPUR

með eða án hettu

Skoðið laxdal.is

ÚTSÖLUVÖRUR

60%-70%

BERNHARD

LAXDAL

Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vertu vinur

á Facebook



Leikkonan, Yael Stone sem leikur fangann Lornu Morello, kennir föngum jóga í raunveruleikanum.

KENNIR FÖNGUM JÓGA

Hún er þekkt fyrir að leika róm-antíska fangann Lornu Morello í sjónvarpsþættinum Orange Is the New Black en leikkonan Yael Stone ver stórum hluta tíma síns þegar hún er ekki við tókur í að kenna raunverulegum föngum jóga og hugleiðslu.

Yael sem er lærður jógakennari starfar sem sjálfbodaliði hjá Liberation Prison Yoga en starfs-

menn þess kenna jóga í fangels-um. Leikkonan kennir þó ekki inni í fangelsum þar sem hún er upptekin við tókur þáttarins heldur kennir hún reglulega í at-hvarfi í New York fyrir konur sem hefur nýlega verið sleppt úr fang-elsi. „Ég er ekki lögfræðingur en það myndi eflaust gagnast best en jóga er eitthvað sem ég get boðið,“ sagði leikkonan í viðtali við Buzz-feed.

Jóga er hluti af daglegri rútínu Yael og segir hún það vera sér nauðsynlegt. „Þjálfunin hefur þá aukaverkun að líkaminn verður sterkari en fyrir mér er sjálfsþekkingin, þolinmæðin, gleðin og vitundin aðalatriðin í jóga,“ sagði Stone í viðtalið við tímaritið Self.



Tómbóluverð, útsala og kynningarafsláttur

Sjanghæ-rækjur með súrsætri sósu
Thaí-kjúklingur í rauðu karrí og grjón eða
Ítalskt lasagna með salati og hvítlauksbrauði
2 réttir=
1.490 kr. á mann
- Þetta er ekki djók!
Upplýsingar og pantanir:
magnusingi@gmail.com
Maggi, sími 696 5900

**Mínir Menn**
VEISLUPJÓNUSTA

Nánar á minirmenn.is



PENNYBLACK

— 290 cm —

Parisar
TÍZKAN
Skiopholti 29b • S. 551 0770

MaxMara **BASLER** *persona*



